



LEI2B05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðný María Jónsdóttir

Netfang/netföng:

gudny.jonsdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum eru straumar og stefnur í leikhúsi og leiklistarsögu skoðaðar. Nemendur kynna ólíkum höfundum og kennismíðum leikhússins og gera tilraunir með sviðsetningar texta frá mismunandi tímabilum. Nemendur eru þjálfaðir í greiningu leikverka og útfærslu atriða þar sem tillit er tekið mismunandi túlkunarleiða. Nemendur hljóta frekari þjálfun í sviðsframkomu, sviðsetningu og textameðferð.

Þekking, leikni, hæfni:

- Að nemandi öðlist þekkingu og skilning á straumum og stefnum í leiklistarsögunni.
- Að nemendur skilji áhrif tíðar og tíma á þróun og sögu leikhúss og geti nýtt sér mismunandi aðferðir til sköpunar.
- Að nemendur þjálfist í sviðsframkomu og hópavinnu og öðlist öryggi við framkomu.
- Að nemendur læri að temja sér vinnuaga og efli með sér sjálfstæð vinnubrögð.
- Að nemendur þjálfist samvinnu og í að vinna í skapandi teymi

Námsmat:

Símat er í áfanganum og sérstaklega er horft til þátttöku og virkni nemenda í tímum. Áfanganum er skipt í lotur og gildir hver lota til lokaeinkunnar. Nemendur leiklesa, sviðsetja og útfæra atriði úr mismunandi leikverkum, frá mismunandi tímabilum. Nemendur skila skýrslum og kynningum um viðfangsefni í hverri lotu.

- Fyrstu fjórar loturnar gilda 15% hver af heildareinkunn áfanga
- Lota 5 gildir 20%
- Vinnubrögð á önn - þátttaka í áfanga 20 %

Námsgögn:

Námsgögn verða á INNU og á ljósritum hjá kennara. Enginn bókakostnaður er í áfanganum en nemendur festa kaup á leikhúskorti eða miðum. Fara á fjórar leiksýningar á önninni.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Farið er í leikhús á kvöldin, úrvinnsla úr ferðum í leikhúsið gildir til einkunnar.

Nemendur þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum til að útskrifast úr áfanganum. Þetta þýðir að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum í áfanganum og fá lægst 5 að meðaltali í einkunn.

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám eða vinna utan kennslustunda getið verið um tvær klukkustundir á viku.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga – hópefli – Lota 1 (15%)	Lota 1 – 15%
2	26.-30. ágúst	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	
3	2.-6. sept.	Sviðsetning í 1. lotu – kynning kennara á lotu 2	
4	9.-13.sept.	Lota 2 (15%) - Leiklestrar	Lota 2 - 15%
5	16.-20.sept	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Sviðsetning í lotu 2 – kynning kennara á lotu 3	
7	30.sept.- 4. okt.	Lota 3 (15%) – leiklestrar	Lota 3 - 15%
8	7.-11. okt.	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	
9	14.-18. okt.	Sviðsetning/leiklestrar – sviðsetning í lotu 3	
10	21.-23. okt.	Shakespeare annar – kynning kennara á lotu 4	Lota 5 -15% Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Lota 4 (15%) – Leiklestrar	
12	4.-8. nóv.	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Sviðsetning í lotu 4 – kynning á lokalotu, lotu 5	
14	18.-22. nóv.	Lota 5 (20%) – leiklestrar	Lota 5 – 20%
15	25.-29. nóv	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	
16	2.-6. des.	Leiklestrar í hópum – sviðsetning og skipulag	
17	9.-12. des	Óhefðbundin dagskrá	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.